

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Svalbarðseyri við Eyjafjörð
nr. 220 20. desember 1951, sbr. reglugerð nr. 76 7. júlí 1961.

1. gr.

9. gr. orðist þannig:

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Greinar nr. 10—12 falla niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. janúar 1981.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.